# Ársþing Skurðlæknafélags Íslands og Svæfinga- og gjörgæslulæknafélags Íslands

## 11. og 12 mars á Hótel Loftleiðum

**Vísindanefnd** – Hjörtur Gíslason, Hildur Tómasdóttir

**Framkvæmdastjóri** – María Svavarsdóttir

**FÖSTUDAGUR 11. MARS**

| | | |
|---|---|---|
| 08:30-08:40 | **Setning** | Felix Valsson, formaður Svæfinga- og gjörgæslulæknafélags Íslands |
| | **Ávarp** | Sigurður Guðmundsson, landlæknir |

| | |
|---|---|
| **08:40-10:40** | **Málþing um gervilíffæri** |
| | **Fundarstjórar**: Sigurður Guðmundsson, landlæknir, Hildur Tómasdóttir, svæfinga- og gjörgæslulæknir |
| 08:40-09:10 | **Inngangur: ECMO/gervinýra** – Felix Valsson, svæfinga- og gjörgæslulæknir |
| 09:10-09:25 | **Novolung (hjálparlunga)** – Sigurbergur Kárason, svæfinga- og gjörgæslulæknir |
| 09:25-09:55 | **Gervihjarta** – Bjarni Torfason, hjartaskurðlæknir |
| 09:55-10:10 | **Gervihjarta** – Guðmundur Klemensson, svæfinga- og gjörgæslulæknir |
| 10:10-10:40 | Umræður |

| | | |
|---|---|---|
| 10:40-11:00 | Kaffi | |
| **11:00-12:00** | **Erindi 01-04 – Fundarstjórar**: Hjörtur Gíslason, Eiríkur Benjamínsson | |
| | 11:00-11:15 | **Smáæðablóðflæði í slímhúð smáþarma skoðað með orthogonal polarization spectral imaging (OPS) tækni** – Gísli H. Sigurðsson |
| | 11:15-11:30 | **Bráðaflokkun í slysum, hryðjuverkum, stríði og hamförum** – Brynjólfur Mogensen |
| | 11:30-11:45 | **Strómaæxli í daus** – Halla Viðarsdóttir |
| | 11:45-12:00 | **Mat á árangri utanbastsverkjameðferðar með búpínvakaín (BFA) eða rópívakaín (RFA) fentanýladrenalínblöndu á handlækningadeild Landspítala á árinu 2003** – Steinunn Hauksdóttir |
| 12:00-13:00 | Hádegishlé | |
| **13:00-14:00** | **Erindi 05-08 – Fundarstjórar**: Aron Björnsson, Sigurbergur Kárason | |
| | 13:00-13:15 | **Mjógirnisrannsókn með holsjárhylki** – Ásgeir Theodórs |
| | 13:15-13:30 | **Lifrarskurðaðgerðir á Landakoti 1977-1992** – Bergþór Björnsson |
| | 13:30-13:45 | **Sigrumst á sýklasótt – The surviving sepsis campaign** – Gísli H. Sigurðsson |
| | 13:45-14:00 | **Krabbamein í blöðruhálskirtli; hversu langur tími leið frá greiningu til dauða þeirra sem létust úr sjúkdómnum 1995-2000** – Einar F. Sverrisson |
| 14:00-14:20 | Kaffi | |
| **14:20-15:50** | **Erindi 09-14 – Fundarstjórar**: Brynjólfur Mogensen, Sveinn Geir Einarsson | |
| | 14:20-14:35 | **Árangur 100 ósæðulokuaðgerða á Landspítala frá því notkun lífrænna gerviloka án stoðgrindar hófst** – Magnús Konráðsson |
| | 14:35-14:50 | **Spinal epidural lipomatosis – sjúkratilfelli** – Margrét Jensdóttir |
| | 14:50-15:05 | **Staðbundin endurkoma krabbameins í endaþarmi** – Kristín Ólína Kristjánsdóttir |
| | 15:05-15:20 | **Vandamál tengd utanbastsdeyfingu sem notuð er til verkjameðferðar hjá fæðandi konum árið 2004** – Aðalbjörn Þorsteinsson |
| | 15:20-15:35 | **Drepmyndandi fellsbólga (Necrotising fasciitis) vegna keðjukokka A hóps** – Björn Geir Leifsson |
| | 15:35-15:50 | **Alvarleg öndunarbilun (ARDS) meðhöndluð með gervilunga knúið af blóðþrýstingi – sjúkratilfelli** – Sigurbergur Kárason |
| 15:50-16:10 | Kaffi | |

**16:10-17:25** **Erindi 15-20 – Fundarstjórar**: Girish Hirlekar, Þorsteinn Jóhannesson

16:10-16:25 **Þróun slysa í 30 ár** – Brynjólfur Mogensen

16:25-16:40 **Smásjáraðgerðir vegna brjóskloss í mjóbaki. Árangur fyrstu aðgerða á heila- og taugaskurðdeild – 20 ára eftirfylgni** – Margrét Jensdóttir

16:40-16:55 **Staðdeyfing við ómstýrðar sýnatökur frá hvekk** – Guðmundur Geirsson

16:55-17:10 **Neyðarsímsvörun 112 árið 2004** – Gísli E. Haraldsson

17:10-17:25 **Samanburður á tveimur aðferðum við að kæla sjúklinga eftir hjartastopp** – Steinarr Björnsson

17:25-17:40 **Krabbamein í daus á Íslandi 1987-2003** – Halla Viðarsdóttir

17:25-17:40 Kaffi

---

17:45 **Aðalfundur** Svæfinga- og gjörgæslulæknafélags Íslands og **félagsfundur** Skurðlæknafélags Íslands

---

## LAUGARDAGUR 12. MARS

**10:00-11:40** **Málþing um grindarbotnsvandamál**

**Fundarstjórar**: Páll H. Möller, skurðlæknir og Sigurbjörn Birgisson, sérfræðingur í lyflækningum og sjúkdómum meltingarfæra

10:00-10:20 **Rannsóknir og uppvinnsla sjúklinga með grindarbotnsvandamál** – Kjartan B. Örvar, sérfræðingur í lyflækningum og sjúkdómum meltingarfæra

10:20-10:40 **Þvagleki; faraldursfræði, lífeðlismeinafræði, uppvinnsla og meðferð** – Guðmundur Geirsson, þvagfæraskurðlæknir

10:40-11:00 **Úrlausn grindarbotnsvandamála hjá konum** – Gunnar Herbertsson, kvensjúkdómalæknir

11:00-11:20 **Hlutverk skurðlæknisins** – Tryggvi B. Stefánsson, skurðlæknir

11:20-11:40 Umræður

11:40-12:40 Hádegishlé

**12:40-14:00** **Erindi 21-25 – Fundarstjórar**: Fritz Berntsen, Sveinn Geir Einarsson

12:40-12:55 **Meðferð vegna rofs á maga og skeifugörn á Landspítala 1999-2004** – Steinarr Björnsson

12:55-13:10 **Skráning vegna erfiðra barkaþræðinga í svæfingu** – Mikael S. Mikaelsson

13:10-13:25 **Fjölskyldutengsl sem áhættuþáttur krabbameins í ristli eða endaþarmi meðal Íslendinga** – Tryggvi B. Stefánsson

13:25-13:40 **Holsjárhylkisrannsókn (capsule endoscopy) á mjógirni. Er hún einhvers virði?** – Hannes Jón Lárusson

13:40-13:55 **Aðferðir vegna lifraræxla á Íslandi, tíu ára uppgjör** – Bergþór Björnsson

13:55-14:25 Kaffi

**14:25-15:30** **Erindi 26-29 – Fundarstjórar**: Halldór Jónsson jr, Stefán Hjálmarsson

14:25-14:40 **Rauðkirningaæxli (oncocytoma) eru góðkynja nýrnaæxli. Úttekt hjá heilli þjóð á 30 ára tímabili** – Tómas Guðbjartsson

14:40-14:55 **Áhrif vasopressíns á blóðflæði í lifur og brisi í sýklasóttarlosti** – Gísli H. Sigurðsson

14:55-15:10 **Aðgerðir við sáraristilbólgu (colitis ulcerosa) á Landspítala á árunum 1980-2004** – Hannes Jón Lárusson

15:10-15:25 **Verkjameðferð eftir gerviliðaaðgerð á hné** – Girish Hirlekar

15:25-15:55 Kaffi

**15:55-17:30** **Erindi 30-32 – Fundarstjórar**: Tryggvi Stefánsson, Þorvaldur Ingvarsson

15:55-16:10 **Pulmonary Sequestration and its Range of Symptoms. A Review of 8 Surgically Treated Cases** – Andreas Pikwer

16:10-16:25 **Aðgerðir vegna ristilkrabbameins á Landspítala 1994-1998** – Hrafnhildur Stefánsdóttir

16:25-16:40 **Úrnám bugaristils með aðstoð kviðsjár á Landspítala 1999-2003** – Fjalar Elvarsson

**Veggspjöld 1 og 2**

**Þróun hvekkaðgerða á FSA 1992-2002** – Valur Þór Marteinsson

**Árangur nýranámsaðgerða með kviðsjártækni og aðstoð handar** – Valur Þór Marteinsson, Hafsteinn Guðjónsson, Sigurður M. Albertsson

19:30 Hátíðarkvöldverður Skurðlæknafélags Íslands og Svæfinga- og gjörgæslulæknafélags Íslands á hótel Nordica

# Ávarp

*Kæru félagar, kollegar, gestir og stuðningsaðilar*

Það er ánægjulegt að kynna enn eitt sameiginlegt ársþing Skurðlæknafélags Íslands og Svæfinga- og gjörgæslulæknafélags Íslands 2005.

Ársþingið 2004 var okkar fyrsta sameiginlega þing þar sem dagskrá stóð í tvo heila daga. Fannst okkur sem að þessu stóðum fyrirkomulagið takast einstaklega vel.

Dagskráin í ár samanstendur af tveimur málþingum og frjálsum erindum. Uppistaða þingsins eins og undanfarin ár eru frjáls erindi. Í fyrra var það áberandi hversu yngri kollegar og verðandi kollegar stóðu sig geysilega vel með vel unnin verkefni og skýran og góðan flutning. Frjálsu erindin verða flutt eftir hádegi báða dagana.

Þingið hefst á föstudagsmorgni með spennandi málþingi um gervilíffæri. Eftir því sem þróun í gjörgæslu- og skurðlækningum fleygir fram hafa möguleikar til að meðhöndla ýmsar líffærabilanir stóraukist. Þessi hátæknimeðferð krefst mikillar samvinnu mismunandi sérgreina.

Á laugardagsmorgni er annað spennandi málþing um grindarbotnsvandamál sem eru algeng hjá konum sem fætt hafa börn. Einkennin geta verið margvísleg, til dæmis þvagleki, einkenni um líffærasig auk hægðatregðu og/eða hægðaleka. Sumar konur hafa haft einkenni svo árum skiptir og ekki fengið lausn sinna mála þrátt fyrir endurteknar heimsóknir til lækna. Flókin grindarbotnsvandamál þarf oft að nálgast með samvinnu margra sérgreina eða teymisvinnu til þess að góður árangur náist. Þetta málþing fjallar um teymisvinnu í greiningu og meðferð grindarbotnsvandamála.

Efni þessara tveggja málþinga undirstrikar hversu þverfagleg samvinna er mikilvæg við lausn flókinna vandmála í nútímalæknisfræði.

Þinginu lýkur á laugardagskvöld með skemmtilegum kvöldverði á hótel Nordica. Hefst hann klukkan 19:30 með fordrykk við undirleik strengjakvartetts. Undir borðhaldi mun landsfrægur skemmtikraftur skemmta gestum.

Fyrir hönd Skurðlæknafélags Íslands og Svæfinga- og gjörgæslulæknafélags Íslands viljum við enn og aftur þakka öllum þeim fyrirtækjum sem styrkt hafa ársþing okkar í gegnum tíðina. Samskipti og tengsl okkar við þessi fyrirtæki með vísindi, fræðslu og kynningu að markmiði eru og munu alltaf vera mikilvæg og nauðsynleg.



**Felix Valsson**



**Helgi H. Sigurðsson**

**Stjórn Svæfinga- og gjörgæslulæknafélags Íslands**
Felix Valsson formaður
Svein Geir Einarsson varaformaður
Sigurbergur Kárason gjaldkeri
María Sigurðardóttir ritari

**Stjórn Skurðlæknafélags Íslands**
Helgi H. Sigurðsson formaður
Fritz H. Berndsen gjaldkeri
Hjörtur G. Gíslason ritari